

Aðalfundur Foreldrafélags Naustaskóla 25. September 2012

Dagskrá:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar og skólaráðs
3. Ársreikningar
4. Kosning í stjórnir og ráð
5. Birna Svanbjörnsdóttir
7. Baujan

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Vaka Óttarsdóttir setti fundinn og lagði til að Ágúst skólastjóri yrði fundarstjóri og Erla Rán ritari. Engar athugasemdir gerðar. Á fundinn voru mættir um 90 foreldrar.

2. Skýrsla stjórnar og skólaráðs

Stjórn foreldrafélagsins kynnti sig og Vaka formaður sagði frá starfi félagsins síðastliðinn vetur. Foreldrafélagið hefur afrekað margt og náð fram mörgum málum í skipulagi skólastarfsins. Þar sem Vaka er fulltrúi foreldra í skólaráði sagði hún frá starfi skólaráðs. Hún kynnti einnig SAMTAKA sem er yfirsamtök allra foreldrafélaga á Akureyri. Vaka árétti fyrir foreldrum að bekkjarstarfið væri hugsað bæði fyrir foreldra til að kynnast sem og skemmtun fyrir börnin og því væri mikilvægt að foreldrar mættu með börnunum á bekkjarkvöld.

3. Ársreikningar

Áshildur, nýkjörinn gjaldkeri, fór í gegnum ársreikninga foreldrafélagsins og greindi frá í hvað peningum hefur verið varið og hvernig staðan er í dag. Ákveðið var að árgjaldið yrði það sama og í fyrra, 2000kr. Reikningar verða sendir í heimabanka foreldra fljótlega.

Ársreikningar voru samþykktir samhljóða og tveir skoðunarmenn reikninga kjörnir:

Kristján Jónsson

Eiríkur Sigfússon

4. Kosning stjórnar og skólaráðs

Allir stjórnarmenn buðu sig fram til áframhaldandi starfa í foreldrafélaginu nema Ingveldur og Lilja. Fjórir nýjir stjórnarmeðlimir bættust í hópinn

Stjórn foreldrafélags Naustaskóla 2012 – 2013

Vaka Óttarsdóttir

Ásdís Arnardóttir

Erla Rán Kjartansdóttir

Höskuldur Jóhannesson

Sigríður Ingólfssdóttir

Berglind Elly Jónsdóttir

Áshildur Hlín Valtýsdóttir

Lilja Dögg Vilbergssdóttir

Fanney Pétursdóttir

Þórhildur Örvarsdóttir

Sólveig Styrmsdóttir

Fulltrúar í skólaráð 2012-2013

Vaka Óttarsdóttir

Áshildur Hlín Valtýsdóttir

6. Birna Svanbjörnsdóttir

Birna Svanbjörnsdóttir frá skólaþróunarsviði Háskólans sagði frá starfendarannsókn sem hún er að vinna að í samstarfi við Naustaskóla. Rannsókninni líkur um áramótin. Hún óskaði eftir sjálfbóðaliðum úr röðum foreldra til að taka þátt.

7. Baujan:

Guðbjörg Thoroddsen kom og kynnti árangursríka sjálfstyrkingaraðferð sem hún byggir á reynslu sinni og námi og kallar Bauju. Með því að tileinka sér Baujuna verður fólk tengdara sjálfu sér tilfinningalega og færara um að stjórna líðan sinni, hegðun og aðstæðum.

Fundi slitið kl. 22:10

Fundarritari Erla Rán Kjartansdóttir